

Tillaga að breytingu á einum kafla í reglum um leikskóla í Árborg út frá bókun fræðslunefndar undir dagskrárlíð 2 á 36. fundi fræðslunefndar 8. september 2021

Opnunartími, skipulagsdagar og lokanir leikskóla

Almennur opnunartími leikskóla er frá kl. 07:45 til 16:30. Þó getur vistun aldrei verið styttri en fjórir tímar á dag. Vistunartími getur verið sveigjanlegur frá kl. 12:00 á daginn.

Leikskólar eru lokaðir vegna skipulags- og námskeiðsdaga, leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Sjá leikskóladagatöl leikskólanna.

Leikskólar Árborgar eru lokaðir vegna sumarleyfa í samtals 20 virka daga í júlí ár hvert. Foreldrar geta sótt um að hámarki 10 daga í aukið sumarfrí fyrir börn sín í samfellu við sumarlokun leikskólanna og fengið leikskólagjöld felld niður þann tíma. Fyrirkomulagið getur verið á þá leið að foreldrar taki einhverja daga fyrir sumarlokun og einhverja daga eftir. Einnig geta þeir tekið 10 daga samfellt fyrir eða eftir sumarlokun. Umsókn um aukið sumarfrí þarf að berast í gegnum leikskólakerfið Völu (vala.is) fyrir 1. mars ár hvert.

Leikskólar Árborgar eru lokaðir á aðfangadag og gamlárstag.

Leikskólagjöld eru felld niður vegna virkra daga milli jóla og nýárs, vegna barna sem ekki sækja leikskóla á þeim tíma, enda hafa foreldrar sótt um niðurfellingu í leikskólakerfinu Völu (vala.is) fyrir 15. desember ár hvert.

Leikskólar Árborgar geta þurft að loka vegna veðurs og er þá farið eftir leiðbeiningum frá Almannavörnum og að höfðu samráði við yfirstjórn sveitarfélagsins, leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa.

Til samanburðar fylgir hér sami kafla í reglunum án breytinga

Opnunartími, skipulagsdagar og lokanir leikskóla

Almennur opnunartími leikskóla er frá kl. 07:45 til 16:30. Þó getur barn aldrei dvalið skemur en fjóra tíma frá kl. 8:00-13:00. Vistunartími getur verið sveigjanlegur frá kl. 12:00 á daginn.

Leikskólar eru lokaðir vegna skipulags- og námskeiðsdaga, leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Sjá leikskóladagatöl leikskólanna.

Leikskólar Árborgar eru lokaðir vegna sumarleyfa í samtals 28 virka daga. Sjá leikskóladagatöl leikskólanna.

Leikskólar Árborgar eru lokaðir á aðfangadag og gamlárstag. Dagana milli jóla og nýárs geta forráðamenn skráð börn sín í frí og fengið leikskólagjöld felld niður.

Leikskólar Árborgar geta þurft að loka vegna veðurs og er þá farið eftir viðbragðsáætlun Sveitarfélagsins Árborgar